

Tillaga um nafngiftir og fegrun hringtorga í Garðabæ

Bærstjórn Garðabæjar samþykkir að fela menningar- og safnanefnd og umhverfisnefnd að vinna tillögur um hvernig staðið verði að nafngiftum og fegrun hringtorga bæjarins. Jafnframt skulu nefndirnar vinna með tækni- og umhverfissviði að fegrun hringtorga bæjarins.

Greinargerð:

Hringtorg bæjarins setja mikinn svip á bæinn og eiga að vera prýði fyrir bæjarbúa og vegfarendur. Líta má til þess að hringtorgin hafi að einhverju leyti samræmda ásýnd með sumarblómum og öðrum gróðri sem hentar og skyggir ekki á umferð. Útilistaverk gætu mögulega verið á stærri hringtorgum.

Samkeppni meðal bæjarbúa varðandi nöfn á a.m.k. einhver hringtorg bæjarins er leið til að tengja bæjarbúa með lýðræðislegum hætti við verkefnið og nærsamfélag sitt. Menningar- og safnanefnd gæti einnig horft til sögu Garðabæjar, s.s. til sögu Bessastaða og forsetaembættisins, sem og nágrenni hvers torgs við nafngiftirnar.

Guðfinnur Sigurvinsson, formaður menningar- og safnanefndar

Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður íþróttar- og tómstundaráðs